



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Til heilbrigðisráðherra, landlæknis, sóttvarnalæknis
og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Reykjavík 22. október 2020

Efni: Beiðni um fund vegna takmarkana sem varðar börn

Umboðsmaður barna óskar eftir fundi með sóttvarnalækni, landlækni, heilbrigðisráðherra og yfirlögregluþjóni almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra til að ræða sóttvarnaráðstafanir og þær takmarkanir á réttindum barna sem í þeim felast.

Við stöndum nú öðru sinni frammi fyrir umfangsmiklum takmörkunum vegna áhrifa COVID-19 en fyrirséð er að grípa þurfi aftur til slíkra aðgerða. Nú þegar hafa umræddar takmarkanir haft víðtæk áhrif á daglegt líf barna en miklu máli skiptir að gætt sé meðalhófs í öllum ráðstöfunum sem snúa beint að börnum, bæði við val á úrræðum og beitingu þeirra. Þá er sömuleiðis brýnt að allar reglur og tilmæli sem varða börn séu skýr og ótvíræð og sett fram á einföldu og auðskildu máli.

Miklar takmarkanir hafa verið settar á íþrótt- og tómstundastarf barna en auk þess hafa verið settar fram óljósar og misvísandi upplýsingar um fyrirhugaðar og gildandi takmarkanir sem er óviðunandi. Hvílir sú skylda á stjórnvöldum að tryggja að fyrirmæli er varða börn séu skýr en jafnframt ber stjórnvöldum að forgangsraða þannig að takmörkunum og neikvæðum áhrifum á daglegt líf barna sé haldið í lágmarki.

Með vísan til alls framangreinds óskar umboðsmaður barna eftir fundi með sóttvarnalækni, landlækni, heilbrigðisráðherra og almannavörnum sem allra fyrst, til þess að ræða sóttvarnaaðgerðir og áhrif þeirra á börn í íslensku samfélagi.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal,
umboðsmaður barna